

upptækt til ríkissjóðs eftirfarandi söluandvirði fíkniefna: 1) gkr. 383.100. 2) 400 dankar kr. 3) 5.770 bandaríkjadali.

Óæskilegur dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa í heild vegna umfangs og langdvalar ákærða erlendis.

Dómsorð:

Ákærði, Franklín Kristinn Steiner, fæddur 14. febrúar 1947 í Reykjavík, sæti fangelsi í 2 ár og greiði kr. 30.000.00 í fésekt til ríkissjóðs. Komi 4 mánaða fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Ofangreindri refsivist til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða, eða 47 dagar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 5.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, og kr. 5.000.00 í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Upptækt til ríkissjóðs skal eftirfarandi andvirði seldra fíkniefna: 1) gkr. 383.100. 2) 400 danskar krónur. 3) 5.770 bandaríkjadali.

Mánudaginn 6. desember 1982.

Nr. 47/1982. Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Róbert Emanúel Glad

(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 19. janúar 1982, en af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 6. október s. á.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi krefst þess aðallega, að ákærða verði ekki dæmd refsing í máli þessu, en til vara, að ákærði hljóti vægustu refsingu, er lög leyfa.

Mál þetta var í héraði höfðað gegn ákærða og öðrum manni, en málinu er aðeins áfrýjað að því er varðar ákærða Róbert Emanúel.

Dómur borgardóms Kaupmannahafnar 6. apríl 1979 á hendur ákærða hefur verið lagður fyrir Hæstarétt.

I.

Fallist er á sakarmat héraðsdómara um öll ákæruefni. Brot ákærða eru réttilega færð til refsíákvæða, en athuga ber, að í niðurstöðum héraðsdómara um II. ákærulið samkv. fyrra ákæruskjali, 30. desember 1980, hefur fallið niður ártalið 1978 á eftir töluorðinu 293. Við I. ákærulið í sama ákæruskjali athugast, að um meðferð amfetamínefna er fjallað í reglugerðum nr. 230/1976 og nr. 293/1978, sem vísa ætti til, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Viðurlögum samkvæmt lögum nr. 60/1980 verður ekki beitt í máli þessu, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði gekkst undir dómssátt í sakadómi Reykjavíkur 8. febrúar 1977 vegna ölvunar við akstur og ólöglegs ökuhraða. Þótti háttsemi hans varða við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og sætti hann 60.000 króna sekt til ríkissjóðs og ökuleyfissviptingu í 12 mánuði frá 9. desember 1976.

II.

Við ákvörðun refsingar ber að beita 70. gr., 2. mgr., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsivist ákærða svo og um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar, en með tilliti til dóms sakadóms Reykjavíkur 1. júlí 1980 þykir eigi rétt að beita fésekt að auki. Eigi hafa komið fram sérgreind rök gegn því, að eignarupptöku verði beitt, svo sem gert er í héraðs-

dómi, og ber að staðfesta ákvæði hans bæði um eignarupptöku og sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 6.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Róbert Emanúel Glad, sæti 6 mánaða fangelsi, en til frádráttar komi 39 daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað að eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómara í máli þessu að öðru leyti en því, sem varðar beitingu 78. gr. almennra hegningarlaga, og um refsingu ákærða.

Með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum frá 1. júlí 1980 er ákærða dæmdur hegningarauki, 6 mánaða fangelsi og 1.000.000 gkr. sekt, við refsingar samkvæmt dómum þeim frá Frakklandi og Sambandslýðveldinu Þýskalandi, sem í héraðsdómi greinir, en jafnframt ákveðið, að dómur borgarréttar Kaupmannahafnar frá 6. apríl 1979 skyldi ekki hafa réttaráhrif í þessu máli. Þessum dómi vildi dómþoli una, og var honum ekki áfrýjað.

Þar sem hegningaraukadómurinn frá 1. júlí 1980 er ekki til endurskoðunar og við hann er unað, verður refsíákvörðun hans ekki tekin til mats að nýju í þessu máli. Ber því að dæma ákærða nú hegningarauka við dóminn frá 1. júlí 1980 eftir reglum 78. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga og 2. mgr. 70.

gr. sömu laga tel ég refsingu ákærða hæfilega ákveðna fangelsi 8 mánuði. Ég er sammála meiri hluta dómara um það, að fésekt verði eigi beitt í þessum dómi.

Er þá haft í huga, að sektarákvörðun í dómnum frá 1. júlí 1980 er hegningarauki við hinn franska dóm 13. júlí 1977, þar sem ákærða var gerð 68.000 franskra franka sekt ásamt með refsivist. Er því ekki svigrúm innan sektarmarkalaga nr. 65/1974 til að beita sektarrefsingu í þessu máli, þó að hliðsjón sé höfð af hækkunarheimild refsimarka í 2. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt þessu tel ég, að dómsorð ætti að vera svohljóðandi:

D ó m s o r ð :

Ákærði, Róbert Emanúel Glad, sæti 8 mánaða fangelsi.

Refsivist til frádráttar komi 39 daga gæsluvarðhaldsivist. Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 2. nóvember 1981.

Ár 1981, mánudaginn 2. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 807/1981 og 814/1981: Ákærvaldið gegn Róbert Emanúel Glad.

Málið, sem dómtekið var 30. október sl., er af hálfu ríkissaksóknara höfðað með ákæru, útg. 30. desember 1980, á hendur Róbert Emanúel Glad, þá til heimilis að Miðtúni 32, Reykjavík, en nú til heimilis að Bárugötu 4, Reykjavík, fæddum 29. október 1954 á Sauðárkróki, „fyrir eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni:

I.

Í apríl 1976 keypt allt að 45 gr af amfetamíndufti (speed) í Amsterdam, flutt efnið til London og þar selt Guðeifi Sveini Kristjánssyni allt að 25 gr af efninu, sem ákærða var ljóst, að Guðleifur Sveinn hugðist flytja til Íslands, og eftir það flutt eftirstöðvar efnisins með sér hingað til lands og selt hluta þeirra héraendis ónefndum aðilum.

Telst þetta varða við 3. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 3., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

II.

Í maí/júní 1976 í félagi við nefndan Guðleif Svein keypt allt að 1½ kg af marihuana og 100 gr af amfetamíndufti í Amsterdam og varið til kaupanna fé, er fengist hafði með sölu efnisins, sem um ræðir í I. lið, og nokkru síðar flutt efni þessi til Svíþjóðar (Gautaborg), þar sem þeir félagar seldu allt marihuanaefnið og hluta amfetamínsins. Í júlí s. á. flutti ákærði með sér hingað til lands 35—40 gr af amfetamíninu, sem hann seldi að verulegum hluta héraendis, ýmist sjálfur eða í samvinnu við Odd Guðjón Pétursson.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. nefndar reglugerðar nr. 390/1974, sbr. að nokkru auglýsingu nr. 293/1978, áður nr. 230/1976, svo og 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaganr. 19/1940.

III.

Um jólaleytið 1976 í félagi við nefndan Guðleif Svein keypt um 1 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Reykjavíkur, þar sem þeir drýgðu efnið með hveiti og afhentu svo Sighvati Borgari Hafsteinssyni og Jakob Benediktssyni hluta efnisins, allt að 200 gr hvorum, en hjá þeim höfðu ákærði og Guðleifur Sveinn móttekið fé til hasskaupanna, og loks fengu þeir Odd Guðjón Pétursson til að selja fyrir sig meginhluta eftirstöðvanna, allt að 1 kg, fyrir samtals um kr. 1.100.000.

IV.

Í apríl 1977 keypt um 1½ kg af hassi í Amsterdam fyrir sam-eiginlegt fé þeirra Guðleifs Sveins Kristjánssonar, fengið Andreu Jónsdóttur til að flytja 1100 gr efnisins hingað til lands, þar sem

Guðleifur Sveinn annaðist sölu þess, og fékk ákærði síðan sendan hluta söluandvirðisins til Luxemburg.

Framangreind brot ákærða í liðum III og IV teljast varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. nefndar reglugerðar nr. 390/1974.“

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þegar ákærða Róbert Emanúel var birt ofangreind ákæra, óskaði hann eftir því, að meðferð máls þessa yrði frestað, þar til ríkissaksóknari hefði afgreitt mál ákærða Róberts Glad varðandi og þau yrðu síðan afgreidd í einu lagi. Féllst dómari á það eftir að hafa fengið þær upplýsingar hjá embætti ríkissaksóknara, að ákæru væri að vænta fljótlega í nefndu máli.

Með ákæru, dags. 10. mars 1981, höfðaði ríkissaksóknari enn mál á hendur ákærða Róbert Emanúel Glad, Miðtúni 32, Reykjavík, fæddum 29. október 1954 á Sauðárkróki, og Engilbert Jensen, Sjafnargötu 14, Reykjavík, fæddum 24. febrúar 1941 á Akureyri, „fyrir eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni:

1.

Um mánaðamótin mars/apríl 1980 keypt $\frac{1}{2}$ kg af hassi í Amsterdam á 3.5 hollensk gyllini hvert gramm og um 50 gr af amfetamíndufti (speed) á 35 gyllini hvert gramm, og flutti ákærði Engilbert efnin hingað til lands. Ákærðu drýgðu amfetamínið um helming með þrúgusykri og skiptu efnunum í smápakkningar til söluadreifingar á heimili ákærða Róberts Emanúels, og hinn 6. apríl afhentu þeir Ólafi Sigurðssyn, sem lagt hafði fé til kaupanna, 150 gr af hassinu og 25 eða 50 gr af amfetamínefninu. Ákærði Engilbert fékk í sinn hluta allt að 100 gr af hassinu og 40 gr af amfetamínefninu. Ákærði Róbert Emanúel seldi Gunnari Ómari Gunnarssyni 15 gr af amfetamíninu í Reykjavík á 25—35.000 gkr. hvert gramm, og með aðstoð nafngreinds manns, KH, seldi hann 100 gr af hassinu á 7—8.000 hvert gramm, og enn fremur seldi Róbert Emanúel megnið af því hassi og amfetamíndufti, sem þá var eftir, ótilgreindum aðilum, hvert gramm af hassi á 7—8.000 gkr. og hvert gramm af amfetamínduftinu á 25—30.000 gkr.

2.

Samkvæmt ráðagerðum ákærðu hélt ákærði Engilbert á ný til Amsterdam um mánaðamót apríl/maí s. á. með hluta söluandvirð-

is efnanna í 1. lið og keypti þar um ½ kg af hassi á um 5 gyllini hvert gramm og flutti efnið með sér hingað til lands, og komu allt að 100 gr efnisins í hlut Engilberts. Ákærði Róbert Emanúel seldi megnið af eftirstöðvunum áður nefndum Gunnari Ómari, samtals allt að 150 gr, í Reykjavík á 9—10.000 gkr. hvert gramm, og með aðstoð fyrrgreinds KH seldi Róbert Emanúel um 200 gr efnisins ótilgreindu fólki.“

Í ákæruskjali þessu eru framangreind ætluð brot ákærðu talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 293/1978 að því er varðar meðferð ákærðu á amfetamíndufti.

Í niðurlagi ákæruskjals segir svo:

„Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar og ákærði Róbert Emanúel ennfremur til að sæta upptöku samkvæmt 5. gr. nefndra laga og 10. gr. reglugerðarinnar á þeim ávana- og fíkniefnum, sem lögreglan lagði hald á heima hjá ákærða Róbert 7. maí 1980, m. a. um 40 gr af hassi og smáræði af amfepramonum.“

Ákærði Róbert Emanúel Glad er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 29. október 1954 á Sauðárkróki. Hann hefur sætt ákærum og refsingum sem hér segir:

- 1977 8/2 í Reykjavík: Sátt, 60.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 9/12 1976.
- 1977 13/7 Montpellier, Frakklandi: Dómur: 2 ára fangelsi, þar af 18 mán. skilorðsbundið, fyrir brot gegn þarlendri fíkniefnalöggjöf.
- 1978 18/9 í Osnabrück, Þýskalandi: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir fíkniefnamisferli.
- 1979 6/4 borgarréttur Kaupmannahafnar: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn danskri fíkniefnalöggjöf.
- 1980 1/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi og 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 173. gr. a alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. 2. gr. og 6. gr. laga 65/19974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974.

Ákærði Engilbert Jensen er á sakhæfisaldri, nánar, eins og að ofangreininir, fæddur 24. febrúar 1941 á Akureyri. Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1960 18/7 á Siglufirði: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1961 21/3 í Keflavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 37. gr. laga nr. 25/1958.
- 1963 23/10 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 100 kr .sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
- 1969 9/1 í Keflavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 9/1 1969.
- 1977 2/8 í Reykjavík: Sátt, 75.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 8/6 1977.
- 1978 13/3 í Reykjavík: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.
- 1981 28/9 í Reykjavík: Sátt, sekt að upphæð kr. 13.000 fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. 77. gr. alm. hegningarlaga 19/1940.

MÁLSATVIK.

I. Ákæruskjal, útgefið 30. desember 1980.

Rannsókn á þeim atriðum, er í þessu ákæruskjali greinir, hófst fyrri hluta sumars 1977, og voru fjölmargir aðiljar yfirheyrðir, og sættu þá gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarinnar nokkrir aðiljar, en þeir, er einkum koma við sögu í ætluðum brotum ákærða Róberts Glad, voru þeir Oddur Guðjón Pétursson og Guðleifur Sveinn Kristjánsson. Ekki tókst hins vegar að ná til ákærða Róberts Glad fyrr en í mars 1979, en hann dvaldi þá í fangelsi í Kaupmannahöfn vegna brota gegn fíkniefnalöggjöf. Hann var síðan yfirheyrður hér í dómi 6. júní 1979 eftir komu hingað til lands frá Kaupmannahöfn. Hér á eftir verður vikið að sakarefni í þeirri röð, er í nefndu ákæruskjali greinir.

I. ákæruliður.

Guðleifur Sveinn Kristjánsson, fæddur 20. ágúst 1955 í Keflavík, var yfirheyrður hér í dómi 28. júlí 1977, þá í gæsluvarðhaldi, og skýrði þá sjálfstætt svo frá að hafa vorið 1976 haldið til London til þess að hitta þar ákærða Róbert Glad, en þeir voru málkunnugir og hann frétt, að Róbert Glad væri þar staddur. Í London kvaðst Guðleifur Sveinn hafa keypt 25 gr af amfetamínudufti af Róbert Glad, en ekki muna kaupverð. Hafi þeir haldið

saman hingað til lands 27. apríl það ár. Kvaðst Guðleifur Sveinn hafa flutt ofangreind 25 gr innanklæða hingað til lands og selt hérlandis nafngreindum varnarliðsmanni. Þá hafi Róbert Glad einnig komið með ótilgreint efnismagn, er Guðleifur Sveinn kvaðst vita til, að Róbert Glad hefði selt hér, en ekki hverjum.

Eins og vikið var að hér að ofan, var ákærði Róbert Glad ekki yfirheyður um sakarefni í ákæru þessari fyrr en þann 19. mars 1979, en þá var hann í haldi í fangelsi í Kaupmannahöfn vegna fíkniefnamisferlis. Fór yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglu í Reykjavík utan til að yfirheyra ákærða Róbert Glad. Er ofangreind rannsókn stóð yfir sumarið 1977, var ákærði í fangelsi í Montpellier í Frakklandi að afplána 2 ára fangelsisdóm, en þar af voru 18 mán. skilorðsbundnir, fyrir brot gegn þarlendri fíkniefnalöggjöf. Þá var ákærði þann 18. sept. 1978 í Osnabrück í Þýskalandi dæmdur í 1 árs fangelsi fyrir fíkniefnamisferli og hafði nýlega lokið afplánun þess dóms, er hann var handtekinn í Kaupmannahöfn vorið 1979, sbr. ofangreint.

Í nefndri yfirheyrslu þann 19. mars 1979 skýrði ákærði Róbert Glad svo frá aðspurður um tímabilið apríl 1976, að hann hefði að vísu gleymt miklu frá þessum tíma, en muna eftir að hafa verið í London og hafa farið heim til Íslands í þessum mánuði með 10—20 gr af speedi eða nánar dexadrini eða amfetamíni. Efni hafi hann haft innanklæða og það ekki fundist við tolleit. Eftir komu hingað til lands hafi hann selt efnið ýmsum vinum og kunningjum, er hann vildi ekki nafngreina.

Er ákærði Róbert Glad kom hingað til lands að lokinni afplánun fangelsisdóms í Danmörku fyrir fíkniefnamisferli, var hann yfirheyður hér í dómi um ofangreint.

Við nefnda yfirheyrslu, er fram fór þann 6. júní 1979, bar ákærði Róbert Glad að hafa í apríl 1976 hitt Guðleif Svein Kristjánsson í London. Hafi hann af sér keypt amfetamínduft, svipað magn og ákærði flutti sjálfur hingað til lands, er var 10—20 gr, eða jafnvel meira. Kvaðst hann ekki vefengja framburð Guðleifs Sveins, er borið hafi um kaup á 25 gr af amfetamíni af sér. Ofagreint amfetamín kvaðst ákærði Róbert Glad hafa keypt í Amsterdam og flutt það þaðan til London. Efni það, er hann hafi flutt hingað til lands, kvaðst ákærði Róbert Glad hafa notað að nokkru til eigin neyslu, en Guðleifur Sveinn eitthvað selt af því.

II. ákæruliður.

Í áðurnefndu þinghaldi hér í dómi 28. júlí 1977 skýrði Guðleifur

Sveinn Kristjánsson svo frá, að um miðjan maí 1976 hefði hann ásamt ákærða Róbert Glad haldið utan og þeir átt samtals um 5.000 bandaríkjadali, er hafi verið hluti söluandvirðis fyrrgreindra efna. Hafi þeir haldið flugleiðis til Luxemborgar og þar tekið bílaleigubifreið og haldið til Amsterdam. Þar hafi ákærði Róbert Glad fyrir þá féлага og á nafngreindum veitingastað keypt 1500 gr af marihuana og 100 gr af svonefndu speedefni. Hafi ákærði Róbert Glad annast öll fjármál og einn vitað kaupverð efna. Frá Amsterdam hafi þeir haldið til Luxemborgar og þaðan til París og loks til Gautaborgar. Hafi þeir í Gautaborg selt ofangreind 1500 gr af marihuana og 30 gr af speedinu. Afganginum af speedinu, nánar amfetamínduftinu, hafi þeir skipt í Gautaborg og haldið hingað til lands með ca 35 gr hvor.

Nánar aðspurður kvað Guðleifur Sveinn ákærða Róbert Glad hafa haldið heim frá Svíþjóð í byrjun júlí 1976, en sjálfur kvaðst hann hafa komið hingað til lands um mánaðamótin ágúst-september s. á. Guðleifur Sveinn kvað ákærða Róbert Glad hafa selt sín 35 gr af amfetamíni, en kvaðst ekki vita hverjum.

Við áðurnefnda yfirheyrslu hjá lögreglu 19. mars 1979 bar ákærði Róbert Glad á sama veg og Guðleifur Sveinn um ofangreind efniskaup í Amsterdam, en kvað marihuanaefnið ca 1 kg og amfetamínið 100 gr. Nánar aðspurður kvað hann ósennilegt, að marihuanaefnið hafi verið 1.5 kg. Kvaðst hann hafa flutt 35—40 gr af amfetamíninu hingað til lands og komið því fyrir í til þess gerðu leðurarmbandi fyrir flutninginn. Kvaðst hann hafa notað af efninu sjálfur, en annars selt ónefndum aðiljum, m. a. á Keflavíkurflugvöll. Þá kundi Guðleifur Sveinn að hafa selt eitthvað af efninu fyrir sig, en hann hafi komið eitthvað seinna frá Svíþjóð.

Í nefndu þinghaldi hér í dómi 6. júní 1979 skýrði ákærði Róbert Glad efnislega á sama veg frá. Kvað hann þá í Amsterdam hafa keypt sameiginlega 100 gr af amfetamíni og 1—1½ kg af marihuana og kaupin verið gerð fyrir söluhagnað úr síðustu ferð. Hafi Guðleifur Sveinn í Svíþjóð annast sölu marihuana efnisins og hluta af amfetamíninu, en 35—40 gr af því kvaðst hann hafa flutt hingað til lands og ráðstafað sem áður segir.

Oddur Guðjón Pétursson, fæddur 7. apríl 1956, er sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa, skýrði svo frá hér í dómi 20. ágúst 1977 að hafa í nokkrum afhendingum frá ákærða Róbert Glad tekið við til endursölu samtals 15—20 gr af amfetamíndufti og mest á tímabilinu júlí—ágúst 1976, eða nánar frá

komu Róberts Glad að utan og til þess er Guðleifur Sveinn Kristjánsson einnig kom að utan.

III. ákæruliður.

Í áðurnefndu þinghaldi þann 28. júlí 1977 lýsti Guðleifur Sveinn Kristjánsson atvikum þennan ákærulið varðandi. Hann skýrði svo frá, að í desember 1976 hafi hann og ákærði Róbert Glad verið orðnir peningalitlir, þótt þeir væru báðir við vinnu, og þeir því ákveðið fíkniefnainnflutning til að bæta úr því. Guðleifur Sveinn kvaðst í samkvæmi að Barmahlíð 50 hér í borg hafa gert húsráðanda, Sighvati Hafsteinssyni, og kunningja hans, Jakob Benediktssyni, tilboð, er fólst í því, að þeir legðu fram fé til utanferðar þeirra Glad til fíkniefnakaupa gegn fullri endurgreiðslu, er heim kæmi, en auk þess 1 gr af hassi fyrir hvert lánað þúsund. Hafi þeir lagt til 350.000 gkr., er ákærði Róbert Glad skipti í bandaríkjadali.

Guðleifur Sveinn kvað þá hafa haldið flugleiðis til Luxemborgar 23. desember 1976 og þaðan með lest til Amsterdam. Þar hafi þeir keypt 1 kg af tvenns konar hassefnum. Efni hafi þeir síðan flutt í handfarangri sömu leið til baka og komið hingað til lands þann 27. desember s. á. Eftir komu hingað til lands hafi þeir blandað saman báðum efnistegundum og drýgt síðan með ½ kg af hveiti. Hafi ákærði Róbert Glad annast sölu efnisins í félagi við Odd Guðjón Pétursson. Að lokinn sölu hafi Sighvatur og Jakob fengið endurgreitt vegna framlaga þeirra auk umsamins efnismagns. Kvað Guðleifur Sveinn þá féлага samtals fyrir sölu ofangreindra efna hafa fengið gkr. 1.000.000.

Ákærði Róbert Glad bar um ofangreint í margnefndri lögregluþfirheyrslu þann 19. mars og hér í dómi 6. júní s. á. Bar hann í grófum dráttum á sama veg og Guðleifur Sveinn, kvað þá í Amsterdam hafa keypt 1 kg af hassi og flutt hingað til lands og hér blandað hveiti. Hafi tveir piltar, Sighvatur og Jósep, lagt fram fé til fararinnar og fengið greitt í efni eða peningum. Hafi Oddur Pétursson séð um sölu efna að einhverju leyti, en Guðleifur að öðru leyti séð um söluna.

Ofangreindur Oddur Guðjón Pétursson bar í áðurnefndu þinghaldi 20. ágúst 1977 að hafa tímabilið lok desember 1976 og fram í febrúar 1977 mótttekið samtals 800—900 gr af duftkenndu, hveitiblönduðu hassi frá ákærða Róbert Glad, en efnið verið afhent í framhaldi af komu ákærða og Guðleifs Sveins

frá Luxemborg í lok desember 1976. Hafi skilaverð verið ýmist gkr. 1.000 eða 1.100, en söluverð gkr. 1.300—1.400.

Herbert Þorvarður Guðmundsson, fæddur 15. desember 1953, bar hér í dómi 14. júlí 1977 að hafa tvívegis keypt hassefni af ákærða Róbert Glad í febrúar það ár. Fyrst hafi hann keypt fyrir gkr. 30.000 og síðar fyrir gkr. 10—15.000 og hvert gramm á gkr. 1.400.

Bjarni Harðarson, fæddur 17. febrúar 1957 í Vestmannaeyjum, var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 10. ágúst 1977 og bar þá að hafa í febrúar-mars það ár keypt í þremur afhendingum samtals 110—120 gr af Libanonhassi af ákærða Róbert Glad á gkr. 1.300 hvert gramm.

Sighvatur Borgar Hafsteinsson, fæddur 8. júlí 1953, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 31. júlí 1977 og bar þá að hafa lagt fram gkr. 200.000 í ofangreinda hasskaupaferð og að henni lokinni fengið fé endurgreitt auk 100 gr af hassi og 10 gr af amfetamíni. Nefndur Sighvatur staðfesti ofangreint hér í dómi 6. júlí 1979.

Jakob Benediktsson, fæddur 5. janúar 1951, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 23. ágúst 1977 og viðurkenndi þá að hafa lagt fram gkr. 150.000 í ofangreinda innkaupaferð og að henni lokinni hafi ákærði Róbert Glad endurgreitt sér um gkr. 100.000, en þess utan afhent sér 200 gr af hassi, er verið hafi fremur lélegt. Nefndur Jakob staðfesti ofangreint hér í dómi 6. júlí 1979.

IV. ákæruliður.

Guðleifur Sveinn Kristjánsson skýrði svo frá í ofangreindu þinghaldi þann 28. júlí 1977, að ákærði Róbert Glad hefði um mánaðamótin mars-apríl 1977 haldið til Luxemborgar og þá fengið hjá sér 3.750 bandaríkjadali, en þá hafi enn verið eftir að selja hluta þess hassefnis, er í hlut hans kom af ofangreindu. Um miðjan apríl s. á. hafi Róbert Glad hringt í sig að utan og sagt sér, að Andrea Jónsdóttir væri á leið til Íslands með 1100 gr af hassi og Róbert Glad ókað eftir því, að Guðleifur Sveinn annaðist hér sölu efnisins. Guðleifur kvaðst hafa selt nafngreindum varnarliðsmanni 500 gr, en Oddur Pétursson fengið 600 gr. Að lokinni sölu kvaðst Guðleifur Sveinn hafa haldið eftir 440.000 gkr. ísl., en sent Róbert Glad 3.000 bandaríkjadali til Luxemborgar, en Andrea Jónsdóttir fengið gkr. 100.000 í sinn hlut.

Í nefndri lögregluyfirheyrslu í Kaupmannahöfn 19. mars 1979

bar ákærði Róbert Glad um ofangreint á þá leið, að hann hefði í aprílbyrjun 1977 haldið til Luxemborgar og þaðan til Amsterdam. Þar hafi hann keypt 1—1.5 kg af hassi og Andrea Jónsdóttir flutt ca 1 kg hingað til lands og Guðleifur Sveinn séð um ráðstöfun þess. Hafi hann síðan fengið nokkur þúsund bandaríkjadali senda með Guðrúnu Ragnarsdóttur og Andreu Jónsdóttur til Luxemborgar, en aldrei fengið að fullu uppgert fyrir efnið.

Hér í dómi 6. júní 1979 bar ákærði Róbert Glad mjög á sama veg um ofangreint. Kvað hann kaupin fjármögnuð með 3—4.000 bandaríkjadöllum frá Guðleifi Sveini og þar verið um að ræða hagnað af sölu efna úr síðustu ferð. Hafi hann keypt samtals 1½ kg af hassi, Andrea Jónsdóttir flutt 1100 gr hingað til lands, en þar tekið við efninu Guðleifur Sveinn Kristjánsson og annast sölu þess. Hluta söluandvirðis hafi hann fengið sendan frá Íslandi með Guðrúnu Ragnarsdóttur og Andreu Jónsdóttur.

Eftirstöðvar efnis kvaðst ákærði Róbert Glad hafa selt þar-
lendum aðiljum í Luxemborg.

Andrea Jónsdóttir, fædd 28. nóvember 1956, viðurkenndi við yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík þann 7. janúar 1978 að hafa flutt hassefni hingað til lands frá Amsterdam í apríl 1977. Ekki kemur fram hjá henni, hvort hún hafi vitað um efnisþyngd, en hún lýsti ítarlega útliti og umbúnaði efnis. Nefnd Andrea hefur ekki verið yfirheyrð um ofangreint í dómi, en hún er búsett í Svíþjóð og því ekki tök á því í þessu máli að bæta þar úr.

Guðrún Ragnarsdóttir, fædd 6. febrúar 1953, staðfesti við yfirheyrslu hjá lögreglu í Reykjavík þann 27. febrúar 1978 að hafa á nefndum tíma flutt peningasendingu frá Guðleifi Sveini Kristjánssyni til ákærða Róberts Glad í Luxemborg, en ekki kvaðst hún vita upphæðir í því sambandi, en vita, að um gjaldeyri var að ræða.

II. Ákæruskjal, útgefið 10. mars 1981.

Rannsókn á sakaratriðum þeim, er í þessu ákæruskjali greinir, fór fram vorið 1980, og komu margir aðilar þar við sögu sem grunaðir. Tveir slíkra voru ákærðu í máli þessu.

Ákærði Róbert E. Glad var handtekinn 7. maí 1980 og að heimili sínu að Miðtúni 32 hér í borg. Við húsleit, er fram fór á heimili hans sama dag, fundust ýmis ætluð fíkniefni, og voru þau tekin í vörslu fíkniefnadeildar, merkt nr. 493 á efnaskrá og nánar sem hér segir:

A: Ljósgrænt ætlað hassefni, sem vó án umbúða 32.9 gr.

B: Ljósbrúnt ætlað hassefni, sem vó án umbúða 2.8 gr.

D: Óþekkt hvítt duft, sem var í umbúðum merktum ACIDUM ASCORBICUM, vegið án umbúða 54.5 gr.

E: Gulleitt duft, sem fannst í hvítri rúskinnsbuðdu, gaf jákvæða svörun í tilliti til kókaíns. Vó án umbúða 0.8 gr.

F: Ætluð kannabisfræ, ótalin.

Þá fundust og við nefnda leit ýmis glös með lyfjum, er merkt vöru sem sýnishorn framleiðanda ekki ætluð til sölu. Voru þau merkt sem nr. 506 á efnaskrá fíkniefnadeildar og tekin í vörslu lögreglu. Eftirtalin lyf fundust:

15 st. ómerktar pillur af nokkrum teg.

2 glös af ómerktum pillum, 2 teg.

4 glös af Enavid pillum, ekki ætlað til sölu.

18 st. Librax, ekki ætlað til sölu.

1 glas Torecan, ekki ætlað til sölu.

1 glas Irsidon.

1 glas Stelazine.

3 hylki Ornande, ekki ætlað til sölu.

Sýni nr. 493 e var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands til efnagreiningar með bréfi, dags. 8. maí 1980. Niðurstöður próf. Þorkels Jóhannessonar voru svohljóðandi með bréfi, dags. 12. júní 1980:

„Ávana- og fíknilyf og efni — Matsgerð nr. 377:

Sýni 493 e, sbr. hjálagn ljósrit af beiðni, sem dags. er 8. 5. 1980.

Sýnið var gult duft, 0,3 g að þyngd. Með gasgreiningu á súlu, blettagreiningu á þynnu, ljósfallsmælingu í útfjólubláu og innrauðu ljósi og ýmsum efnaprófum mátti staðfesta, að sýnið væri blanda af amfepramónklóríði og glúkósa auk óhreininda, er gæfu gulan lit. Magn amfepramónklóríðs í sýninu var 26%. Amfepramónum er ávana- og fíknilyf, skylt amfetamíni. Það er ekki skráð hér á landi, en var áður (Dobesin (R)).“

Sýni nr. 493 d var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands til efnagreiningar með bréfi, dags. 8. maí 1980. Niðurstöður próf. Þorkels Jóhannessonar voru svohljóðandi með bréfi, dags. 12. júní 1980:

„Ávana- og fíknilyf og efni — Matsgerð nr. 376:

Sýni 493 d, sbr. hjálagn ljósrit af beiðni, sem dagsett er 8. 5. 1980.

Sýnið var hvítt duft, 2,26 g að þyngd. Með ljófallsmælingu í útfjólubláu og innrauðu ljósi og titrun mátti staðfesta, að sýnið væri sem næst hrein askorbínsýra. Askorbínsýra telst til vítamína (C vítamín).“

Ákærði Róbert Glad var yfirheyrður hér í dómi 8. maí 1980 og neitaði þá allri meðhöndlun fíkniefna að undanfögnu. Þar sem hann var borinn sökum um dreifingu fíkniefna, og ætluð fíkniefni fundust á heimili hans, sem að framan er rakið, var ákærði Róbert Glad sama dag og hér í dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 20 dögum í þágu rannsóknar málsins. Þann 28. s. m. var gæsluvarðhald ákærða Róberts Glad framlengt um allt að 20 dögum. Neitaði ákærði Róbert Glad stöðugt sökum, þar til við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 16. júní. Að lokinni yfirheyrslu hér í dómi sama dag gekk ákærði laus og hafði þá játað ýmsar sakir, er nánar verður vikið að hér síðar við atvikalýsingu og varðandi hvorn ákærulið sérstaklega.

Ákærði Engilbert Jensen var handtekinn 20. maí 1980 vegna ætlaðrar aðildar að innflutningi fíkniefna í félagi við meðákærða Róbert Glad. Við yfirheyrslur hér í dómi sama dag viðurkenndi ákærði Engilbert aðild að innflutningi slíkra í félagi við meðákærða Róbert Glad, en framburðir hans voru breytilegir og óljósir. Var ákærði Engilbert hér í dómi daginn eftir úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 20 dögum, en hann gekk laus 10. júní s. á.

Hér verður nú vikið að málsatvikum í þeirri röð, er í ákæru-skjali greinir.

1. ákæruliður.

Eins og fram kom hér að ofan, neitaði ákærði Róbert Glad lengi vel sakargiftum, en tók að skýra frá málavöxtum eftir samprófun við meðákærða Engilbert Jensen, er lýst hafði innfutningi þeirra á hassefnum og amfetamíni. Játning ákærða Róberts Glad kemur fram við yfirheyrslu hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík 16. júní 1980 og síðan við yfirheyrslu hér í dómi sama dag.

Í síðastnefndu dómþingi skýrði ákærði Róbert Glad svo frá, að fíkniefnaviðskipti þau, er hér um ræðir, hafi byrjað með fjárframlagi tveggja aðilja. Nafngreindi hann aðeins annan þeirra, en kvaðst vilja leynd nafni hins. Hafi hér verið um að ræða tvær innkaupaferðir. Endanlegur framburður ákærða Róberts Glad

kemur loks fram hér í dómi 11. nóvember 1980, og verður hann nú rakinn:

Ákærði Róbert Glad skýrði svo frá, að í síðari hluta mars 1980 hefði hann ásamt Engilbert Jensen haldið til Amsterdam til fíkniefnakaupa. Þar hafi þeir keypt $\frac{1}{2}$ kg af Marokkóhassi á 3.5 holl. gyllini hvert gramm og þess utan um 50 gr af svonefndu amfetamíndufti. Hafi þeir keypt ofangreind efni fyrir fjárframlög Ólafs Sigurðssonar, er lagt hafi fram gkr. 1.400.000, og Kristins Haraldssonar frá Keflavík, er lagt hafi fram gkr. 1.000.000. Engilbert Jensen hafi síðan flutt framangreind fíkniefni hingað til lands. Eftir komu þeirra hingað til lands hafi þeir á hemili ákærða Róberts Glad vegið efnið niður í skammta og blandað ofangreint amfetamínduft með þrúgusykri, en efnið verið ætlað til sölu.

Varðandi ráðstöfun ofangreindra efna kvað ákærði Róbert Glad nefndan Ólaf Sigurðsson hafa fengið 150 gr af hassi og 50 gr af amfetamínduftinu blönduðu. Engilbert Jensen hafi haft til ráðstöfunar 100 gr af hassi og 20—40 gr af amfetamínduftinu.

Síðar í þessu sama þinghaldi kvað ákærði Róbert Glad Kristin þann, er að ofan greinir, hafa lagt fram 800.000 kr., en fjárframlag hans verið við það miðað, að hann fengi endurgreitt að sölu lokinni og þá gkr. 2.000.000. Sjálfur kvaðst ákærði Róbert Glad hafa fengið til ráðstöfunar 200 gr af hassi og 5 gr af amfetamíndufti. Hafi nefndur Kristinn selt fyrir sig um 100 gr af ofangreindum 200 gr og á Keflavíkurlflugvöll. Hafi Kristinn skilað sér gkr. 7.000—8.000 fyrir hvert gramm.

Ákærði Róbert Glad kvaðst hafa selt Gunnari Ómari Gunnarssyni 15 gr af amfetamíndufti á gkr. 25.000—35.000 hvert gramm, en neitaði að tilgreina aðra kaupendur efna af sér, en kvaðst hafa selt hvert gramm af hassi á gkr. 7.000—8.000 og hvert gramm af amfetamíndufti á gkr. 25.000—30.000.

Eins og vikið var að hér að framan, þá voru framburðir ákærða Engilberts Jensen breytilegir framan af. Hér í dómi 29. maí 1980 skýrði ákærði Engilbert Jensen svo frá, að um mánaðamót mars-apríl 1980 hafi hann haft viðkomu í Amsterdam, þar hitt meðákærða Róbert Glad á hóteli og hann þar afhent sér $\frac{1}{2}$ kg af hassi af Marokkótégund, innpakkað, en þess utan „speed“-pakka, er innihaldið hafi á að giska 20 gr af nefndu efni. Kvaðst ákærði Engilbert hafa tekið að sér flutning efnisins hingað til lands og hér afhent meðákærða, en fyrir flutning þegið 40—50 gr af hassi og 3—4 gr af svonefndu speedefni. Neitaði ákærði Engilbert að hafa átt annan þátt í ofangreindu en flytja nefnd efni hingað til

lands. Hann kvað þó aðspurður meðákærða Róbert Glad hafa greitt ferðir fyrir sig, en sjálfur utan með sér hafa haft 1.000 þýsk mörk.

Við yfirheyrslu hér í dómi 10. júní s. á. viðurkenndi ákærði Engilbert að hafa tekið þátt í vangaveltum meðákærða varðandi fjármögnun fíkniefnakaupa. Kvað hann upphaf samskipta þeirra það, að í byrjun janúar sl. hefði meðákærði Róbert Glad unnið gkr. 1.000.000 í happdrætti og haft samband við sig með fíkniefnakaup í huga. Þá kvaðst ákærði Engilbert skv. tilmælum meðákærða Róberts Glad hafa haft samband við Ólaf nokkurn Sigurðsson sem hugsanlegan fjármögnunaraðilja og sá haft fé handbært. Hafi þeir þrír hist á heimili meðákærða Róberts Glad og niðurstaðan orðið sú, að Ólafur þessi hafi lagt til gkr. 1.400.000, en Ólafur og Róbert Glad gert einhverja samninga sín á milli, er hann ekki vissi, hvernig hefðu verið. Kvaðst Engilbert í umrætt sinn í Amsterdam hafa mótttekið hjá meðákærða Róbert Glad 500 gr af hassi og 40 gr af amfetamíndufti og flutt hingað til lands, en í þóknun fengið 50 gr af hassi og 4 gr af amfetamíndufti.

Er ákærði Engilbert var yfirheyrður hjá lögreglu 2. júní 1980, kemur fram, að hann kveður efni úr þessari ferð hafa verið vegið á heimili meðákærða Róberts Glad og til þess verið notuð skálvog í eigu Róberts. Þarna hafi þeir blandað amfetamínduftið til helminga með þrúgusykri og vegið í 1 gr skammta, en hassið verið vegið í 5 gr einingar. Ekki kvaðst ákærði Engilbert vita um kaupendur að ofangreindum efnum, þar sem meðákærði Róbert Glad hefði annast þá hlið máls.

Við sampröfun með ákæru hér í dómi 20. júní 1980 hélt ákærði Róbert Glad því fram, að fíkniefnaviðskipti þeirra hefðu verið á jafnréttisgrundvelli og hagnaður síðar átt að skiptast skv. helmingasjónarmiðum, en því mótmælti ákærði Engilbert og hélt fast við fyrri framburð.

Ofangreindur Gunnar Ómar Gunnarsson, fæddur 14. september 1957, var yfirheyrður hér í dómi 7. maí 1980 og skýrði þá svo frá að hafa á undanförunum hálfum mánuði keypt af ákærða Róbert Glad samtals 15 gr af amfetamíni, en jafnframt í hans fórum að Miðtúni 32 séð á að giska 100 skammta, hvern 1 gr að þyngd, af amfetamíndufti. Þá kvaðst nefndur Gunnar af ákærða Róbert Glad hafa keypt samtals 108 gr af hassi á sama tímabili.

Ofangreindur Ólafur Sigurðsson, fæddur 18. maí 1957, bar við yfirheyrslu hér í dómi 5. júní 1980, að tveimur vikum fyrir sl. páska hefði ákærði Engilbert Jensen haft samband við sig og

boðið sér þátttöku í fyrirhuguðum kaupum ákærða Róberts Glad á fíkniefnum erlendis. Kvaðst Ólafur hafa slegið til og reitt fram gkr. 1.300.000 í þessu skyni og afhent ákærða Róbert Glad við veitingastaðinn Ask í Reykjavík.

Ólafur kvað ákærðu hafa haft samband við sig á páskadag, eða 6. apríl, og í framhaldi þar af skv. umtali haldið á heimili ákærða Engilberts Jensen og þar fengið afhent 150 gr af hassi og 25 gr af svokölluðu „speed“, eða nánar amfetamínufti. Aðspurður um hlut ákærðu í máli þessu, þá kvað Ólafur fyrirhugað, að hann legði sjálfur fram gkr. 2.000.000, og ákærðu þá sagst leggja fram annað eins. Raunin hafi hins vegar orðið sú, að hann hafi lagt fram gkr. 1.300.000, en kvaðst ekki vita, hver hlutur ákærðu var.

Ekki tókst að ná til og yfirheyra nefndan Kristin Haraldsson, fæddan 11. júní 1954, þar sem hann fór af landi brott til náms og langdvalar í Bandaríkjunum þann 3. október 1980, en nafn hans kom fyrst fram við rannsóknina, eftir að hann var farinn.

Varðandi ætluð fíkniefni, er hald var lagt á við húsleit á heimili ákærða Róberts Glad, þá neitaði hann að gera grein fyrir því, hvaðan þau væru komin.

2. ákæruliður.

Ákærði Róbert Glad skýrði svo frá í áðurnefndu þinghaldi hér í dómi þann 11. nóvember 1980, að um mánaðamótin apríl-maí það ár hefði meðákærði Engilbert farið aðra ferð til Amsterdam til fíkniefnakaupa og með gkr. 1.000.000 frá sér, er verið hafi eftirstöðvar af sölu fíkniefna þeirra, sem að ofan greinir, en einnig hafi meðákærði Engilbert lagt fram nokkur hundruð þúsund gamlar krónur í þessu skyni.

Hafi hann í Amsterdam keypt $\frac{1}{2}$ kg af hassi og flutt hingað til lands. Ákærði Róbert Glad kvaðst sjálfur af efni þessu hafa fengið 300—400 gr, en í hlut Engilberts komið 100 gr. Róbert Glad kvaðst hafa selt áðurnefndum Gunnari Ómari Gunnarssyni 120—140 gr á gkr. 9.000—10.000 hvert gramm, en hann ekki gert full skil. Þá hafi áðurnefndur Kristinn Haraldsson tekið við 200 gr til að selja, en hann ekki staðið skil á söluandvirði. Tók Róbert Glad fram, að nefndur Kristinn væri erlendis og yrði það næstu ár.

Ofangreindu lýsti ákærði Engilbert Jensen á þá leið hér í dómi 29. maí 1980, að hann hefði þann 30. apríl 1980 haldið til Luxemborgar og þaðan flugleiðis til Amsterdam. Þar hafi hann hringt í mann að nafni Kaspar og mælt sér mót við hann á hóteli. Þar

hafi hann greitt nefndum Kaspar sem svaraði 2.600 hollenskum gyllinum, er hann hafi haft meðferðis frá meðákærða Róbert Glad, en fyrir mótttekið 480 gr af hassi, er verið hafi grænt að lit og fremur lélegt.

Ákærði Engilbert kvaðst síðan hafa haldið til Luxemborgar 2. maí og daginn eftir hingað til lands með ofangreint hassefni í farangri og afhent meðákærða Róbert Glad á heimili hans. Aðspurður kvaðst ákærði Engilbert hafa mótttekið 30—35 gr af hassinu.

Ákærði Engilbert hélt fast við þann framburð við rannsókn málsins, að hann hefði einungis verið flutningsaðili fyrir meðákærða Róbert Glad og því ekki verið um helmingafélag þeirra við ofangreind fíkniefnaviðskipti (sic), eins og ákærði Róbert Glad hélt fram.

Varðandi framburð nefnds Gunnars Ómars Gunnarssonar vístast til þess, er rakið var varðandi 1. ákærulið.

Þá liggur ekki fyrir framburður Kristins Haraldssonar um ofangreint af ástæðum, er raktar voru undir 1. ákærulið.

NIDURSTÖÐUR.

Ákæruskjal, útgefið 30. desember 1980.

I. ákæruliður.

Ákærði Róbert Glad hefur viðurkennt að hafa haft í frammi alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning studd framburði Guðleifs Sveins Kristjánssonar. Ekki verður fallist á þá órökstuddu fullyrðingu verjanda, að skýrslutaka af ákærða hafi farið fram með vafasömum hætti, enda dráttur á yfirheyrslum yfir ákærða Róbert Glad vegna máls þessa tilkominn vegna langdvalar hans erlendis, en hann sat á greindu tímabili í fangelsi í Frakklandi og Þýskalandi auk Danmerkur vegna fíkniefnabrotá, eins og áður er rakið. Telst því sannað samkvæmt ofansögðu með játningu ákærða Róberts Glad, sem studd er öðrum gögnum, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í apríl 1976 keypt allt að 45 gr af amfetamíndufti (speed) í Amsterdam, flutt efnið til London og þar selt Guðleifi Sveini Kristjánssyni allt að 25 gr af efninu, sem ákærða var ljóst, að Guðleifur Sveinn hugðist flytja til Íslands, og eftir það flutt eftirstöðvar efnisins með sér hingað til lands og selt hluta þeirra hérlendis ónefndum aðiljum.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 3. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 3.,

sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði Róbert Glad samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

II. ákæruliður.

Ákærði Róbert Glad hefur viðurkennt að hafa haft í frammi háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning efnislega studd framburðum þeirra Guðleifs Sveins Kristjánssonar og nefnds Odds Guðjóns Péturssonar. Varðandi athugasemdir verjanda um yfirheyrslur yfir ákærða Róbert Glad á það sama við og rakið er varðandi I. ákærulið.

Með vísan til alls ofanritaðs telst nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í maí-júní 1976 í félagi við nefndan Guðleif Svein keypt allt að 1½ kg af marihuana og 100 gr af amfetamíndufti í Amsterdam og varið til kaupanna fé, er fengist hafði með sölu efnisins, sem um ræðir í I. lið, og nokkru síðar flutt efni þessi til Svíþjóðar (Gautaborgar), þar sem þeir félagar seldu allt marihuanaefnið og hluta amfetamínsins. Í júlí s. á flutti ákærði með sér hingað til lands 35—40 gr af amfetamíninu, sem hann seldi að verulegum hluta hérlendis, ýmist sjálfur eða í samvinnu við Odd Guðjón Pétursson.

Varðandi hugleiðingar verjanda um hugsanlega fyrningu á sakarefni í þessum ákærulið þá vísast til 2. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940, en þar segir, að fyrningarfrestur stöðvist, ef réttarrannsókn út af broti stöðvist af því, að sökunautur hafi komið sér undan rannsókninni.

Ofangreind háttsemi ákærða Róberts Glad er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. nefndrar reglugerðar nr. 390/1974, sbr. að nokkru auglýsingu nr. 293, áður nr. 230/1976, svo og 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar. Ekki verður því fallist á þá túlkun verjanda á orðalaginu á íslensku yfirráðasvæði í 2. gr. laga nr. 65/1974, að það takmarki heimild skv. 5. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 til að refsa fyrir fíkniefnabrot erlendis, en verjandi telur réttilega óumdeilt, að refsivald Svíaríkis ná til brotastaðar og hið ætlaða brot refsivert skv. lögum þess ríkis.

III. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Róberts Glad, sem rækilega er studd framburðum þeirra Guðleifs Sveins Kristjánssonar, Sighvats Borgars Hafsteinssonar, Jakobs Benediktssonar og Odds Guðjóns Péturssonar, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar um jólaleytið 1976 í félagi við nefndan Guðleif Svein keypt um 1 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Reykjavíkur, þar sem þeir drýgðu efnið með hveiti og afhentu svo Sighvati Borgari Hafsteinssyni og Jakob Benediktssyni hluta efnisins, allt að 200 gr hvorum, en hjá þeim höfðu ákærði og Guðleifur Sveinn mótttekið fé til hasskaupanna, og loks fengu þeir Odd Guðjón Pétursson til að selja fyrir sig meginhluta eftirstöðvanna, allt að 1 kg, fyrir samtals um kr. 1.100.000.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. nefndrar reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði Róbert Glad samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

IV. ákæruliður.

Sannað þykir með játningu ákærða Róberts Glad, sem rækilega er studd framburði þeirra Guðleifs Sveins Kristjánssonar og Andreu Jónsdóttur, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem réttilega í þessum ákærulið greinir, nánar í apríl 1977 keypt um 1½ kg af hassi í Amsterdam fyrir sameiginlegt fé þeirra Guðleifs Sveins Kristjánssonar, fengið Andreu Jónsdóttur til að flytja 1100 gr efnisins hingað til lands, þar sem Guðleifur Sveinn annaðist sölu þess, og fékk ákærði síðan sendan hluta söluandvirðisins til Luxemborgar.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. nefndrar reglugerðar nr. 390/1974.

Hefur ákærði Róbrt Glad samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Ákæruskjal, útgefið 10. mars 1981.

1. ákæruliður.

Ákærði Róbert Glad hefur viðurkennt að hafa haft í frammi alla þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, og er ákæruliður reistur á játningum hans, en þar segir: „Um mánaðamótin mars/apríl

1980 keypt $\frac{1}{2}$ kg af hassi í Amsterdam á 3.5 hollensk gyllini hvert gramm og um 50 gr af amfetamíni (speed) á 35 gyllini hvert gramm, og flutti ákærði Engilbert efnin hingað til lands. Ákærðu drýgðu amfetamínið um helming með þrúgusykri og skiptu efnunum í smápakkningar til söludreifingar á heimili ákærða Róberts Emanúels, og hinn 6. apríl afhentu þeir Ólafi Sigurðssyni, sem lagt hafði fé til kaupanna, 150 gr af hassinu og 25 eða 50 gr af amfetamínefninu. Ákærði Engilbert fékk í sinn hlut allt að 100 gr af hassinu og 40 gr af amfetamíninu. Ákærði Róbert Emanúel seldi Gunnari Ómari Gunnarssyni 15 gr af amfetamíninu í Reykjavík á 25—35.000 gkr. hvert gramm, og með aðstoð nafngreinds manns, KH, seldi hann 100 gr af hassinu á 7—8.000 hvert gramm, og ennfremur seldi Róbert Emanúel megnið af því hassi og amfetamíndufti, sem þá var eftir, ótilgreindum aðilum, hvert gramm af hassi á 7—8.000 gkr. og hvert gramm af amfetamínduftinu á 25—30.000 gkr.“

Ákærði Engilbert hefur að mestu borið á sama veg og meðákærði Róbert Glad, en kvaðst ekki hafa átt beina aðild að kaupum efna, en hins vegar annast flutning þeirra hingað til lands. Gegn neitun ákærða Engilberts verður ekki talið nægilega sannað, að hann hafi tekið þátt í sjálfum kaupunum, þótt fyrir liggi hins vegar, að hann hafi tekið fullan þátt í udirbúningi nefndrar fíkniefnakaupferðar. Þá þykir gegn neitun ákærða Engilberts ekki nægilega sannað, að hann hafi mótttekið til eigin þarfa meira af ofangreindum efnum en hann hefur gengist við, eða 90 gr af hassi og 4 gr af amfetamíndufti.

Þá er framburður ákærða Róberts Glad að öðru leyti studdur framburðum þeirra Gunnars Ómars Gunnarssonar og Ólafs Sigurðssonar.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindum frávikum.

Með vísan til játninga beggja ákærðu þykir ekki grundvöllur til þess að efast um, að hér hafi verið um raunveruleg fíkniefni að ræða, og því ekki fallist á skoðun verjanda þess efnis, að vafi leiki á þar um.

2. ákæruliður.

Ákærðu hafa báðir viðurkennt að hafa viðhaft alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, utan hvað Engilbert Jensen kveður

heildarmagn 480 gr og hann þar af aðeins fengið í sinn hlut 30—35 gr.

Þykir hér verða að leggja til grundvallar framburð ákærða Engilberts um keypt efnismagn. Þá þykir ekki gegn neitun ákærða Engilberts verða gengið út frá því, að hann hafi í sinn hlut fengið meira en 35 gr.

Þá er framburður ákærða Róberts Glad um sölu á 140 gr til Gunnars Ómars Gunnarssonar studdur framburði nefnds Gunnars Ómars. Hins vegar liggur ekki fyrir framburður nefnds Kristins Haraldssonar af fyrrgreindum ástæðum, og verður því ekki í þessu máli tekin afstaða til þess, hvort hann hafi mótttekið nefnt efnismagn, þótt gengið sé út frá játningu ákærða Róberts Glad um sölu á efninu.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, með ofangreindum athugasemdum, nánar samkvæmt ráðagerðum ákærða hélt ákærði Engilbert Jensen á ný til Amsterdam um mánaðamót apríl-maí 1980 með hluta söluandvirðis efnanna í 1. lið og keypti þar 480 gr af hassi á um 5 gyllini hvert gramm og flutti efnið með sér hingað til lands, og komu a. m. k. 35 gr af efninu í hlut Engilberts. Ákærði Róbert Glad seldi megnið af eftirstöðvum áðurnefndum Gunnari Ómari, samtals 140 gr, í Reykjavík á 9—10.000 gkr. hvert gramm, og með aðstoð margnefnds aðilja seldi Róbert Glad um 200 gr efnisins ótilgreindu fólki.

Framangreind brot ákærðu eru í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 293/1978 að því er varðar meðferð ákærðu á amfetamíndufti.

Hafa ákærðu samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Refsingu beggja ákærðu ber að tiltaka samkvæmt ofansögðu með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Róbert Glad hefur áður hlotið refsingar fyrir fíkniefnabrot og nánar sem hér segir:

- 1977 13/7 í Montpellier, Frakklandi: Dómur: 2 ára fangelsi, þar af 18 mán. skilorðsbundnir, fyrir brot gegn þarlandri fíkniefnalöggjöf.
- 1978 18/9 í Osnabrück, Þýskalandi: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir fíkniefnamisferli.
- 1979 6/4 borgarréttur Kaupmannahafnar: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn danskri fíkniefnalöggjöf.

1980 1/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi og 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 173. gr a alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. 2. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Nefndur dómur borgarréttar Kaupmannahafnar frá 6. apríl 1979 verður ekki látinn hafa réttaráhrif í máli þessu, þar sem hann liggur ekki fyrir í skjölum þess, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið reynt að útvega hann.

Í 2. mgr. 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 er kveðið svo á, að dómstólum sé heimilt að láta refsidóma, er kveðnir eru upp erlendis, hafa ítrekunaráhrif, eins og þeir hefðu verið kveðnir upp hérlendis. Ekkert samsvarandi ákvæði er í hegningarlögum um, að erlendir dómur geti haft réttaráhrif skv. 78. gr. nefndra laga, en eðli máls samkvæmt þykir rétt, að ofangreindir refsidómar erlendis, sem til staðar eru í gögnum málsins, leiði til sakauka samkvæmt 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 ásamt ofangreindum dómi frá 1. júlí 1980.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða Róberts Glad hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði, en þess utan með vísan til 2. mgr. 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fésekt að upphæð kr. 10.000.00, þar sem ákærði Róbert Glad hafði hagnað af sölu fíkniefna. Komi 50 daga fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 rétt, að til frádráttar refsivis komi sá tími, er ákærði Róbert Glad sætti gæsluvarðhaldi, eða 39 dagar.

Þá ber með vísan til 5. gr. laga nr. 65/1974 og 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sem og í ákæru er krafist, að gera ákærða Róbert Glad að sæta upptöku á þeim ávana- og fíkniefnum, er lögregla lagði hald á að heimili hans 7. maí 1980, nánar: 1) hass efni 35.7 gr. 2) reyktóbak, blandað hassolíu, 6.7 gr. 3) 0.8 gr amfepamónum. 4) lyfjasýnishorn, ekki ætluð til sölu: 1 glas Torecan, 18 stk. Librax, 3 hylki Ornade, 4 glös Enavid. 5) 1 glas Insidon. 6) 1 glas Stelazine. 7) 2 glös af ómerktum pillum, 2 teg. 8) 15 stk. ómerktar pillur af nokkrum tegundum.

Ákærði Engilbert Jensen hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf, en skv. gögnum þessa embættis féllst hann hér í dómi og þann 28. sept. sl. á greiðslu sektar að upphæð kr. 13.000 fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Samkvæmt ofansögðu ber að ákvarða refsingu ákærða Engilberts með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við refsimat verður lagt til grundvallar, að ákærði Engilbert verður ekki talinn aðalmaður í brotum og er ekki uppvis að sölu þeirra efna, er í hans hlut komu. Hins vegar er hér um að ræða ítrekaða aðild að innflutningi fíkniefna, er honum mátti vera ljóst, að ætluð voru að nokkru leyti til endursölu.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða Engilberts Jensen hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Þykir þannig ekki unnt að verða við kröfu verjanda um skilorðsbindingu refsingar.

Þá þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 rétt, að til frádráttar refsivist komi sá tími, er ákærði Engilbert sætti gæsluvarðhaldi, eða 20 dagar.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, þar af ákærði Róbert Glad kr. 3.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmans, og ákærði Engilbert Jensen málsvarnarlaun, kr. 2.500.00 til skipaðs verjanda, Róberts Árna Hreiðarsson héraðsdómslögmans.

Dómsorð:

Ákærði Róbert Emanúel Glad, fæddur 29. okeóber 1954 á Sauðárkróki, sæti fangelsi í 6 mánuði og greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 10.000.00. Refsivist til frádráttar komi 39 daga gæsluvarðhaldsvist, en í sektar stað 50 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Engilbert Jensen, fæddur 24. febrúar 1941 á Akureyri, sæti fangelsi í 3 mánuði. Refsivist til frádráttar komi 20 daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum, ákærði Róbert Emanúel kr. 3.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmans, og ákærði Engilbert Jensen kr. 2.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmans.

Upptæk til eyðingar skulu eftirtalin ávana- og fíkniefni:

- 1) 35.7 gr hass, 2) reyktóbak, blandað hassolíu, 6.7 gr, 3) 0.8 gr amfepromónum, 4) lyfjasýnishorn: 1 glas Torecan, 18 stk. Librax, 3 hylki Ornade, 4 glös Enavid, 5) 1 glas Insidon, 6) 1 glas Stelazine, 7) 2 glös af ómerktum pillum, 2 tegundir, 8) 15 stk. ómerktar pillur af nokkrum tegundum.